Sýningar

Art-Hún
Stangarhyl 7, sími 673577
Art-Hún-hópurinn sýnir skúlptúrverk, grafík og myndir. Opið virka daga kl. 12–18. Aðrir tímar eftir samkomulagi.

Ásgrímssafn
Bergstaðastræti 74, sími 13644
Safn Ásgríms Jónssonar er opið á laugardögum og sunnudögum kl. 13.30–16.00. *Hópar og einstaklingar, sem vilja koma á öðrum tímum, geta haft samband við safnvörð.*
Í vetur er sýning á ævintýra- og þjóðsagnamyndum eftir Ásgrím Jónsson í safni hans að Bergstaðastræti 74 í Reykjavík. Nánari upplýsingar veitir Þorgeir Ólafsson í síma 13644/621000.

Ásmundarsafn
Sigtúni, sími 32155
Þar stendur yfir sýning sem ber yfirskriftina Bókmenntirnar í list Ásmundar Sveinssonar. *Jafnframt hefur verið tekin í notkun ný* viðbygging við Ásmundarsafn. Safnið er opið frá kl. 10–16 alla daga.

FÍM-salurinn,
Garðastræti 6
Jón Benediktsson myndhöggvari sýnir eirskúlptúra í FÍM-salnum. Sýningin er opin alla daga kl. 14–18 og stendur hún til 13. apríl.

Gallerí 11
Skólavörðustíg 4a
Myndlistamaðurinn Guðmundur Lúðvíksson (G.R. Lúðvíksson) sýnir í Gallerí 11. Í fremri sal eru 6 Elekt III verk en í innri sal, sem er nýr salur, sýnir hann Sjónbaug/Sjóndeildarhring. Sýningin stendur til 9. apríl og er hún opin kl. 14–18 alla dagana.

Gallerí Borg
Pósthússtræti 9, sími 24211
Málverkauppboð í samvinnu við Listmunauppboð Sigurðar Benediktssonar á sunnudagskvöld kl. 20.30 á Hótel Sögu. Uppboðsverkin verða sýnd í dag, á laugardag og sunnudag kl. 14-18.

Gallerí 15
Skólavörðustíg 15, sími 11505
Ragnheiður Jónsdóttir sýnir grafík. Sýningin er opin daglega kl. 10–18 og laugardaga kl. 10–14. Sýningin stendur til 5. apríl.

Gallerí List
Skipholti, sími 814020
Sýning á listaverkum eftir ýmsa listamenn. Opið daglega kl. 10.30–18.

Gallerí Port
Kolaportinu
Opið laugard. kl. 11–17 og sunnud. kl. 10–16.

Gallerí Sævars Karls
Bankastræti 9, sími 13470
Sigurbjörg Stefánsdóttir sýnir teikningar. Hún hefur tekið þátt í ýmsum samsýningum og haldið eina einkasýningu í Danmörku. Síðasta einkasýning hennar var í Ásmundarsal 1989. Sýningin stendur til 15. apríl.

Gallerí Úmbra (Torfan)
Amtmannsstíg 1, sími 28889
Galleríið er opið þriðjudaga til föstud. kl. 12–18 og laugard. kl. 12–15.

Hafnarborg
Strandgötu 34, sími 50080
*Jón Gunnarsson listmálari opnar málverka*sýningu á morgun kl. 14. Á sýningunni verða olíumálverk og vatnslitamyndir sem flestar eru unnar á síðustu þremur árum. Myndefnið sækir hann að stórum hluta til sjávarsíðunnar. Sýningin er opin kl. 12-18 alla daga nema þriðjudaga fram til 20. apríl.


Hótel Lind
Rauðarárstíg 18
Jón K.B. Sigfússon sýnir málverk í veitingasal Lindarinnar.

J. Hinriksson Maritime Museum
Súðarvogi 4, sími 814677
Sjóminja- og vélsmiðjumunasafnið er opið frá kl. 13–17 þriðjud.–laugard.

„Kaffi Gerði"
Gerðubergi
Laugardaginn 4. apríl kl. 14 opnar Ásta Erlingsdóttir myndlistarsýningu í veitingabúð Gerðubergs, „Kaffi Gerði". Ásta vinnur öll sín verk með jurtalitum sem hún hefur sjálf þróað úr lífríki náttúrunnar. Sýningin stendur til 29. apríl og er opin mánud.–fimmtud. kl. 10.30–21, föstud. kl. 10.30–16 og laugard. kl. 13–16.

Myndlistarsýning í Gerðubergi
Myndlistarsýningu Önnu Guðjónsdóttur í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi lýkur þriðjudaginn 7. apríl. Anna er búsett í Þýskalandi og er þetta fyrsta einkasýning hennar hér heima. Sýningin er opin mánudaga til fimmtudaga kl. 10–22 og föstudaga og laugardaga kl. 13–16.

Kjarvalsstaðir
við Miklatún
Listamaðurinn Rúrí mun opna 16. einkasýningu sína í Austursal Kjarvalsstaða laugardaginn 4. apríl kl. 16, *og er nafn sýningar*innar Afstæði. Sýningin verður opin daglega kl. 10–18 og verður húsið opið alla hátíðardagana. Sýningunni lýkur annan í páskum. Helgi Gíslason opnar höggmyndasýningu í vestursal á laugardag kl. 16. Á sýningunni eru 17 höggmyndir, unnar á tveimur sl. árum. Verkin á sýningunni eru flest steypt í brons, sum þeirra hafa einnig að geyma gler *og tin. Sýningin er opin til 20. apríl og er* opin daglega kl. 10–18.



Listamaðurinn Rúrí hefur gert víðreist að undanförnu. **DV-mynd Hanna**

Rúrí sýnir á Kjarvalsstöðum

Listamaðurinn Rúri mun opna 16. einkasýningu sína í Austursal Kjarvalsstaða á morgun, laugardag, kl. 16 og er nafn sýningarinnar Afstæði.


Flest verkanna á sýningunni eru unnin í blý og timbur og hafa ekki verð sýnd opinberlega áður. Ennfremur sýnir Rúrí þrjár grafíkmöppur.

Rúrí er nýkomin frá Montreal í Kanada en þar voru sýnd eftir hana 2 kvikmyndaverk í tengslum við alþjóðlega ráðstefnu um listir og menningu. Þá er nýlokið sýningu í norrænu menningarmiðstöðinni í Helsinki á verkum hennar og tveggja annara norrænna listamanna sem hún hefur starfað mikið með undanfarin 10 ár, Hannu Siren og William Lous Sörensen.

Að sýningunni Afstæði lokinni mun Rúrí taka þátt í alþjóðlegri sýningu á útilistaverkum á listasetrinu Wans í Svíþjóð ásamt 10 öðrum listamönnum frá Evrópu og Bandaríkjunum. Í vor ætlar Rúrí einnig að sýna í Slunkaríki á Ísafirði og í haust er henni boðið ásamt nokkrum öðrum listamönnum að gera verk fyrir útilistasýningu í Montreal í Kanada í tilefni af 350 ára afmæli borgarinnar.

Sýningin er opin daglega frá klukkan 10 til 18 en henni lýkur 20. apríl.

Nýhöfn:
Sýning Sigurbjarnar



Sigurbjörn Sveinsson myndlistarmaður.

Sigurbjörn Jónsson sýnir um þessar mundi í listasalnum Nýhöfn í Hafnarstræti 18. Á sýningunni eru málverk unnin með olíu á striga á síðastliðnum tveimur árum. Sigurbjörn er fæddur árið 1958 á Akureyri. Hann lauk námi frá grafíkdeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1982. Framhaldsnám stundaði hann við Parsons School of Design í New York 1983 til 1985 og síðan eitt ár við New York Studio School.

Sýningin er opin virka daga frá kl. 12 til 18 og frá klukkan 14 til 18 um helgar. Lokað á mánudögum. Sýningunni lýkur 15. apríl.



Jón Gunnarsson myndlistarmaður.

Hafnarborg:
Jón Gunnarsson opnar sýningu

Jón Gunnarsson listmálari opnar málverkasýningu í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar á morgun klukkan 14.

Hann stundaði nám í Handíða- og myndlistarskólanum á árunum 1947 til 1949. Hann hefur einnig farið í fjölda náms- og kynningarferða til annarra landa. Jón hefur haldið margar einkasýningar, meðal annars á Kjarvalsstöðum, í Norræna húsinu, Háholti og Hafnarborg. Hann hefur einnig tekið þátt í samsýningum hér heima og erlendis.

Á sýningunni í Hafnarborg verða olíumálverk og vatnslitamyndir sem flestar eru unnar á síðustu þremur árum. Myndefnið sækir hann að stórum hluta til sjávarsíðunnar en einnig notar hann mótív hvaðanæva af landinu.

Sýningin verður opin frá klukkan 12 til 18 alla daga nema þriðjudaga fram til 20. apríl.

Höggmyndir Helga

Helgi Gíslason opnar höggmyndasýningu í vestursal Kjarvalsstaða á morgun, laugardag, klukkan 16.00. Á sýningunni eru 17 höggmyndir, unnar á síðustu tveimur árum. Verkin á sýningunni eru flest steypt í brons. Í sumum þeirra er einnig gler og tin.

Helgi hefur gert ýmis útiverk á síðustu árum. Má þar nefna verk í Fossvogskirkju, Hallargarðinum, Stykkishólmi og Höfn í Hornafirði.

Helgi hlaut bjartsýnisverðlaun Brøste 1991. Sýningunni lýkur 20. apríl og er hún opin daglega frá klukkan 10.00 til 18.00.



Helgi ásamt tveimur verka sinna. **DV-mynd Hanna**

Breiðablik með málverkauppboð

Líkamsrækt og andans uppbygging hafa sjaldnast verið taldir líklegir rekkjunautar. Þeir sem stundað hafa íþróttir hafa ekki alltaf hlotið náð fyrir augum listunnenda og öfugt. Nú hefur Ungmennafélagið Breiðablik í Kópavogi ákveðið að sýna fram á að þetta séu ekki eins ólíkir heimar og margir hafa af látið með því að standa fyrir málverkauppboði. Það fer fram í Félagsheimili Kópavogs í kvöld og hefst klukkan 20 en húsið verður opnað klukkan 18.

Þar munu margir af fremstu tónlistarmönnum bæjarins troða upp og síðan verður haldið uppboð á verkum þekktra listamanna úr Kópavoginum.

Sýningar

Nýhöfn
Hafnarstræti 18
Sigurbjörn Jónsson sýnir í Nýhöfn. Á sýningunni eru málverk, unnin með olíu á striga á sl. tveimur árum. Sýningin, sem er sölusýning, er opin virka daga frá kl. 12–18 og frá kl. 14–18 um helgar. Lokað á mánudögum. Henni lýkur 15. apríl.

Nýlistasafnið
Vatnsstig 3b
Fjöllistamaðurinn Bjarni H. Þórarinsson sýnir „Sjónþing" í Nýlistasafninu. Þingið er hið *fjórða „Sjónþing" sinnar tegundar. Yfirskrift* þingsins er „Vísiakademía" og stendur yfir til 12. apríl og er opið alla daga kl. 14–18.

Norræna húsið
Hafdís Ólafsdóttir sýnir grafík. Á sýningunni eru u.þ.b. 60 tréristur og er viðfangsefnið form og litir jökla, fjalla og eyja. Sýningin er opin alla daga kl. 14–19 og lýkur 5. apríl.

Kátel
Laugavegi 20b, sími 18610 (Klapparstígsmegin)
Til sölu eru verk eftir innlenda og erlenda listamenn, málverk, grafík og leirmunir.

Listasafn Einars Jónssonar
Njarðargötu, sími 13797
Opið laugardaga og sunnudaga kl. 13.30–16. Höggmyndagarðurinn er opinn daglega kl. 11–16.

Listinn gallerí – innrömmun
Síðumúla 32, sími 679025
Uppsetningar eftir þekkta, íslenska málara. Opið virka daga kl. 9–18, laugardaga kl. 10–18 og sunnudaga kl. 14–18.

Listasafn Háskóla Íslands
í Odda, sími 26806
Þar er nú á öllum hæðum sýning á nýjum *verkum í eigu safnsins. Opið er daglega kl.* 14–18. Aðgangur að safninu er ókeypis.

Listasafn Íslands
Fríkirkjuvegi 7, sími 621000
Þar stendur yfir sýning á úrvali verka úr listaverkagjöf Finns Jónssonar listmálara og Guðnýjar Elísdóttur konu hans til safnsins. Á sýningunni eru 90 verk. Sýningunni lýkur 28. apríl. Listasafnið er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 12–18. Kaffistofa safnsins er opin á sama tíma.

Listasafn Sigurjóns
Laugarnesi, sími 32906
Farandsýningin Sigurjón Ólafsson – Danmörk – Ísland 1991 – stendur yfir í listasafninu. *Hér er um að ræða yfirlitssýningu.* Sýningin er opin um helgar kl. 14–17.

Listhúsið Snegla
Grettisgötu 7, sími 620426
Þar eru listmunir til sýnis og sölu, unnir af 15 listakonum sem vinna í textil, keramik og skúlptúr. Opið mánudaga til föstudaga kl. 12–18 og laugardaga kl. 10–14.

Menningarstofnun Bandaríkjanna
Laugavegi 26
Guðbergur Auðunsson sýnir málverk. Þetta er 14. einkasýning hans og sýnir hann m.a. myndir sem hann vann í Bellingham í Washingtonfylki er hann dvaldi þar um skeið árið 1990. Sýningin stendur til 5. apríl og er opin um helgar kl. 14–17 og alla virka daga kl. 11.30–17.45.

Mílanó
Faxafeni 11, sími 678860
Hans Christiansen sýnir vatnslitamyndir. Þetta er 21. einkasýning listamannsins og sýnir hann nú um 20 myndir. Flestar myndanna eru nýjar og eru allar til sölu. Sýningin er opin alla virka daga kl. 9–19, laugardaga kl. 9–18 og sunnudaga kl. 13–18.

Sjóminjasafn Íslands
Vesturgötu 8
Hafnarfirði, sími 52502
Opið laugardaga og sunnudaga kl. 14–18.

Póst- og símaminjasafnið
Austurgötu 11, sími 54321
Opið á sunnudögum og þriðjudögum kl. 15–18. Aðgangur ókeypis.

Vinnustofa Ríkeyjar
Hverfisgötu 59, sími 23218
Þar eru til sýnis og sölu postulínslágmyndir, málverk og ýmsir litlir hlutir. Opið er á verslunartíma þriðjudaga, miðvikudaga, *fimmtudaga og föstudaga og á laugardög*um kl. 10–16.

Þjóðminjasafnið,
sími 28888
Á þriðju hæð stendur yfir sýning á tónlistariðkun á Íslandi í fyrri tíð, Sönglíf í heimahúsum, og á vaxmyndasafninu. Í Bogasal er sýning á óþekktum ljósmyndum frá fyrstu tugum aldarinnar. Safnið er opið þriðjud., fimmtud., laugard. og sunnudag kl. 12–16. Leiðsögn er um safnið alla laugard. kl. 14.

Myndlistarsýning í Spron, Álfabakka
Sýning á verkum eftir Mattheu Jónsdóttur myndlistarkonu. Sýningin mun standa yfir til 30. apríl nk. og verður opin frá kl. 9.15–16, þ.e. á afgreiðslutíma útibúsins.

Grétar sýnir í Eden
Dagana 28. mars til 12. apríl sýnir Grétar Þ. Hjaltason vatnslita- og pastelmyndir, 45 að tölu. Myndefnið er íslenskt landslag.

Minjasafnið á Akureyri
Aðalstræti 58, sími 24162
Opið daglega kl. 11–17. Þar stendur yfir sýning á mannamyndum Hallgríms Einarssonar ljósmyndara. Möppur með ljósmyndum liggja frammi og einnig eru til sýnis munir og áhöld af ljósmyndastofu Hallgríms.